



Indro Indriði Candi
Álfhólsvegur 62
200 Kópavogur
indro@vaarkitektar.is

Kópavogi, 21. desember 2022
22033105/510.03 GGG

Efni: Álfhólsvegur 62. Fyrirspurn.

Úr fundargerð skipulagsráðs 19. desember sl.

Lögð fram að nýju fyrirspurn Indro Candi dags. 26. júlí 2022. Á lóðinni er 140 m² einbýlishús á tveimur hæðum auk 31.1 m² bílskúrs. Í erindinu er óskað eftir því að reisa viðbyggingu með einni íbúð á tveimur hæðum við vesturhlið núverandi íbúðarhúss alls um 179 m². Bílastæði verði þrjú í stað tveggja. Byggingarmagn á lóðinni eykst úr 171,1 m² í 350,1 m². Nýtingarhlutfall er 0,17 og verður 0,35.

Greinargerð og uppdráttir í mkv. 1:200 og 1:500 dags. 26. júlí 2022.

Á fundi skipulagsráðs 15. ágúst 2022 var afgreiðslu frestað. Vísað er til yfirstandandi vinnu við þróun leiðbeininga og gæðaviðmiða fyrir skipulag og breytingar á lóðum og húsnæði.

Skipulagráð lítur jákvætt á að framlögð fyrirspurn verði unnin áfram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við leiðbeiningar um gæði byggðar og breytingar á lóðum og húsnæði dags. 19. desember 2022.

Fundargerðin verður lögð fram á fundi bæjarstjórnar 10. janúar nk.

Virðingarfyllst,

Guðmundur G. Gunnarsson
Ritari skipulagsdeildar